



Hreppsnefnd 03.07.08

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 3. júlí 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 19. júní sl.

Lög fram fundargerð hreppsnefndar frá 19. júní sl.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð bygginganefndar frá 30. júní sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 30. júní sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir tl. 2 „ framkvæmda- byggingaleyfi v/veiðihúss við Selá. Einnig gerði hann stutta grein fyrir tl. 5 og 6.

Fundargerðin var síðan samþykkt.

3. mál Múlastofa-Kaupvangi-Staða mála-

Lagt fram bréf frá Birni G. Björnssyni , hönnuði, dags. 30. júní sl. ásamt yfirlitsmynd vegna

Múlastofu, sem sett verður upp í Kaupvangi í sumar. Jafnframt lagt fram bréf frá Birni dags. 3. júlí sl., ásamt kostnaðaráætlun yfir næsta áfanga sem er að setja upp sýninguna og ljúka hönnun.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að sér yrði falið að ganga frá samningi við fyrirtækið List og sögu á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðaráætlunar, sem miðar við að Múlastofa opni 9. ágúst nk. í Kaupvangi.

Allmiklar umræður urðu síðan um fyrirbyggjandi gögn og framvindu þessara mála.

Samþykkt smhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við List og Sögu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

4. mál Bréf Sjávarútvegsráðuneytisins dags. 27. júní sl., varðandi úthlutun byggðakvóta.

Lagt fram bréf Sjávarútvegsráðuneytisins frá 27. júní sl., varðandi úthlutun á byggðakvóta.

Jafnframt lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps dags. 25. apríl sl., þar sem sótt er um byggðakvótann.

Gerð grein fyrir málinu og nokkrar umræður urðu um möguleika á nýtingu kvótans þ.a. hann skapaði sem mesta atvinnu í heimabyggð. Í því sambandi voru ýmsar hugmyndir reifaðar m.a.

hvort hægt væri að setja upp fiskvinnslu á staðnum.

Samþykkt að vísa erindinu til atvinnumálanefndar.

5. mál Bréf félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs frá 6. júní sl. varðandi viðbótaraðild

Seyðisfjarðarkaupstaðar að samningi um félagsþjónustu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindinu og lagði til að sér yrði heimilað að ganga frá nýjum samningi um félagsþjónustu við Fljótsdalshérað á grundvelli þess að Seyðisfjarðarkaupstaður bættist inn í samningin til viðbótar þeim sveitarfélögum sem fyrir eru.

Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál Norðausturnefndin- Gerð grein fyrir fundi með nefndinni þann 25. júní sl.

Á fundinn mættu alls 9 fulltrúar atvinnumála- og hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps auk sveitarstjóra.

Á fundinum gerði Norðausturnefndin svokallaða grein fyrir þeim tillögum sem kynntar höfðu verið í fjölmiðlum 10. júní sl. Í framhaldi gerðu sveitarstjórnarmenn grein fyrir sjónarmiðum sínum og var ljóst á máli manna að vonbrigði voru veruleg með þær tillögur sem nefndin kynnti.

7. mál Mennta- og menningasetur Kaupvangi-Auglýsing og starfslýsing.

Lögð fram drög að starfslýsingu fyrir verkefnastjóra Þekkingarnets Austurlands á Vopnafirði, ásamt drögum að auglýsingu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að að unnið hefur

verið að samningum við Þekkingarnet Austurlands um að koma starfsemi þessari upp í Kaupvangi á Vopnafirði. Miðað er við að auglýst verði næstu daga eftir starfskrafti í starfið og að slíkur starfskraftur hefji störf í byrjun ágúst.
Hreppsnefnd lýsti ánægju með þessar hugmyndir og samþykkir fyrir sitt leyti að auglýsa starfið með tilgreindum hætti.

8. mál Göngubrú yfir Selá- Heimild til að bjóða út.

Lög fram teikningar af teimur útfærslum af endurbyggingu göngubrúar yfir Selá. Annars vegar með eins aðferð og fyrri brú var byggð eftir og hins vegar stálvirkis útfærsla á brú. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að sér yrði falið að leita eftir tilboðum í smíði brúarinnar miðað við framlögð gögn.

Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Tillaga sveitarstjóra var síðan samþykkt.

9.mál Hamrahlíð 17. –Heimild til niðurrifs.

Húseign þessi var keypt í vor og er nú skv. afsali í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og skýrði til gang kaupana, en þau eru liður í því að bæta aðgengi að vinnuaðstöðu Jónsvers ses. Lagði hann síðan til að sér yrði veitt heimild til þess að láta rífa húsið og vinna að jarðvegsskiptum utan við aðstöðu Jónsvers ses. í samvinnu við Jónsver.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

10. mál. Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis-Frestur til að gera athugasemdir er liðinn.

Frestur til að skila inn athugasemdum við deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis rann út 30 júní sl., engar athugasemdir bárust.

Gerð var grein fyrir skipulaginu og rædd helstu áform um uppbyggingu samkvæmt því.

Hreppsnefnd samþykkt síðan að fyrirbyggjandi deiliskipulag yrði sent til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

11. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Fundargerð Stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 19. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Þakkarbréf frá Karalakórnum Stefni og Árnesingakórnum dags 18. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

12. mál. Oddvitaskipti: Kosning oddvita og varaoddvita hreppsnefndar.

Borghildur Sverrisdóttir kvaddi sér hljóðs og bar fram tillögu um Aðalbjörn Björnsson sem oddvita sveitarstjórnar.

Björn Halldórsson kvaddi sér hljóðs og bar fram tillögu um Önnu Pálu Víglundsdóttir sem oddvita.

Ólafur Ármannsson kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir því að Anna Pála Víglundsdóttir gæfi ekki kost á sér sem oddvit af persónulegum ástæðum.

Björn Halldórsson dró þá tillögu sína um oddvita til baka.

Fleiri tillögur komu ekki fram.

Aðalbjörn Björnsson kjörinn oddviti hreppsnefndar með 4 atkvæðum 3 sátu hjá.

Ólafur Ármannsson kvaddi sér hljóð og bar fram tillögu um Önnu Pálu Víglundsdóttur sem varaoddvita.

Engar fleiri tillögur komu fram.

Anna Pála Víglundsdóttir kjörin varaoddviti með 7 atkvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.